

REGLUR

um breytingu á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa nr. 553/1975. Hluti H. Um stöðugleika og öryggi fiskiskipa.

1. gr.

Í stað málsgreina 1501—1508 í 15. gr. reglnanna koma svohljóðandi málsgreinar nr. 1501—1506. Röð annarra málsgreina breytist í samræmi við þetta, þannig að nr. 1509 verður nr. 1507 o.s.frv.

Búnaður til vatnsþéttrar lokunar.

Ákv. málsgreina nr. 1501—1506 gilda um öll skip.

1501. Op, sem vatn getur komist inn um og sett skipið í hættu, skulu vera eins fá og unnt er og búin hæfum lokunarbúnaði í samræmi við þessa grein. Ef lokunarbúnaður slíkra opa er af annarri gerð eða úr öðru efni en tilgreint er í þessari grein, skal hann vera jafngildur því sem hér greinir. Allur lokunarbúnaður er háður samþykki Siglingamálastofnunar.

Hurðir.

1502. Hurðir skulu vera tengdar við þilin, hafa karm og stífur svo að styrkleiki sé jafn og í óskertu þili. Unnt skal að loka þeim veðurþétt og búnaðurinn til þess skal vera gúmmíþéttingar (fast gúmmí, ekki svampgúmmí) og spennisnerlar eða annar jafngildur búnaður. Auðvelt skal vera að opna og loka frá báðum hliðum. Allur þessi búnaður er háður samþykki Siglingamálastofnunar.

Lestarlok.

1503. Styrkleika lestarloka skal reikna fyrir væntanlegt raunverulegt álag, en þó aldrei minni en eftirfarandi:

1.0 tonn/m² fyrir 24 m löng skip og styttri.

1.75 tonn/m² fyrir 100 m löng skip og lengri.

Fyrir skip með lengd þar á milli skal finna þungatöluna með línulegri milligildun.

Fyrir hlera í yfirbyggingarþilfari aftar en 0.25 L frá fremri lóðlínu, má nota gildi, sem eru 75% af ofanefndu álagi.

1504. Þegar lestarlok eru gerð úr stáli, má mesta spenna í efninu reiknuð frá gildunum í 1503 margfölduð með 4,25, ekki vera meiri en lágmarksbrotþol efnisins. Við þetta álag má niðurbeyging hleranna ekki verða meiri en 0.0028 sinnum óstudd hleralengdin.

1505. Styrkleiki og stífleiki lestarloka, sem eru gerð úr öðru efni en stáli, skal vera jafngildur og á stálhlera að mati siglingamálastjóra.

1506. Lestarlok skulu búin þéttingum og spennibúnaði, til þess að tryggja að þau séu veðurþétt eða öðrum jafngildum búnaði að mati siglingamálastjóra. Að jafnaði skal ekki vera lengra en 750 mm á milli spennibolta og mest 300 mm frá hverju horni þéttikants.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52/1987 um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. febrúar 1988.

Matthías Á. Matthiesen.

Ragnhildur Hjaltadóttir.